

**534. fundur hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 29.
nóvember 2018
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM), og Bryndís Sigurðardóttir.

Fundargerð ritaði: Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjóri

Dagskrá:

Oddviti býður fundarmenn velkomna og leitar eftir athugasemdum við fundarboð. Svo er ekki.

1. Fræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd - 23 - 1811002F

Fundargerð samþykkt samhljóða

- 1.1 1811006 - Mín líðan - Fyrsta fjargeðheilbrigðisþjónustan á Íslandi komin í loftið!
- 1.2 1811007 - Námskeið fyrir skólanefndir - 26. nóvember í Reykjavík - og vefnámskeið
- 1.3 1810033 - Vegna 40 ára afmælis Samtakanna "78
- 1.4 1811012 - Velferðarráðuneytið auglýsir styrki til félagasamtaka vegna verkefna á sviði félagsmála
- 1.5 1811011 - Samspil 2018 - Starfsþróunaráttak
- 1.6 1803018 - Ytra mat Grunnskólans lokaskýrsla og kynningarglærur.
- 1.7 1811013 - Jólatré -Tendra ljósín
- 1.8 1808036 - Upplýsingagjöf: skólastjóra
- 1.9 1810041 - Opið fyrir umsóknir um ytra mat leikskóla 2019
- 1.10 1810034 - Námskeið fyrir skólanefndir

2. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 37 - 1810003F

Fundargerðin samþykkt samhljóða

- 2.1 1706039 - Guðmundur M. Ástþórsson. Umsókn um lóð, Dunhagi.
Erindinu er frestað þar sem ekki hefur borist svar frá Orkubúi Vestfjarða hvað varðar flutning á spennustöð á lóðinni. Ennfremur þarf að meta kostnað við flutning á frárennislögn á lóðinni.
- 2.2 1810039 - Stöðuleyfi

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir gám til samræmis við umsókn. Stöðuleyfið er veitt til eins árs í senn. Gjald fyrir endurnýjun stöðuleyfis utan skipulags geymslusvæðis er kr. 50.000,- pr. gám.

- 2.3 1810043 - Námskeið Dreifbýliskipulag - Rural planning
Lagt fram til kynningar.
- 2.4 1810026 - Ársfundur Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og náttúrustofa
Lagt fram til kynningar.
- 2.5 1810072 - Umsókn um leyfi til niðurrifs
Erindið er í samræmi við deiliskipulag svæðisins.
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita heimild til niðurrifs á eftirfarandi eignum í Norður Botni II landnúmer 140294.
Matshlutanúmer 02 Aðstöðuhús
Matshlutanúmer 03 Eldishús
Matshlutanúmer 04 Fóðurgeymsla
Matshlutanúmer 05 Laxeldisstöð
Leyfisgjald skv. gjaldskrá er kr. 25.496,-
- 2.6 1811009 - Eysteinseyri, yfirbyggð eldisker - bólusetning
Byggingin er í samræmi við gildandi deiliskipulag svæðisins. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita byggingarleyfi fyrir byggingunni. Byggingarfulltrúa falið að gefa út byggingarleyfi.
Byggingarleyfisgjöld eru kr. 1.086.055,-
- 2.7 1811017 - Stöðuleyfi gáma
Nefndin mun fara hringferð um þorpið fyrir næsta fund, með konfekt og byggingarfulltrúa,finna þá gáma sem ekki hefur verið sótt um stöðuleyfi.
- 2.8 1810065 - Umsagnarbeiðni Systrakot ehf. Kirkjubraut 3, Tálknafirði
Umsóknin er í samræmi við byggingarleyfi og skilmála svæðisins. Lokaúttekt hefur farið fram. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd gerir því ekki athugasemd við að rekstrarleyfi verði veitt.

3. Atvinnu- og hafnarnefnd - 20 - 1811006F

Fundargerðin samþykkt samhljóða

- 3.1 1807017 - Erindisbréf nefnda Tálknafjarðarhrepps kjörtímabilið 2018-2022
- 3.2 1811048 - Atvinnu- og hafnarnefnd - varaformaður
- 3.3 1801033 - Fundargerðir 2018 Hafnasamband Íslands
- 3.4 1811040 - Gjaldskrá höfn 2019
- 3.5 1811041 - Fjárhagsáætlun 2019 Hafnarsjóður
- 3.6 1810030 - Byggðakvóti 2018-2019
- 3.7 1811047 - Atvinnumál í lok árs 2018

4. Til umsagnar, þingsályktun um aðgerðaráætlun um húsnæðismál - 1811030

Sveitarstjórn sendir ekki umsögn um þetta mál. Samþykkt samhljóða

5. Orlofsgreiðslur - 1811031

Samþykkt samhljóða að fresta til næsta fundar.

6. Styrkbeiðni frá Pollvinum - 1811045

Pollvinir óska eftir 150.000 styrk til efniskaupa vegna smíða á nýjum vatnsdreifskáp. Styrkurinn er samþykktur samhljóða en sveitarstjóra falið að útbúa samning milli sveitarfélagsins og Pollvina um framtíð svæðisins.

7. Fjárbeiðni Stígamóta fyrir 2019 - 1811033

Tálknafrarhreppur samþykkir að styrkja samtökin um 20.000. Samþykkt með fjórum atkvæðum. Björgvin Smári situr hjá.

8. Til umsagnar Frá nefndasviði Alþingis - 45. mál - 1811051

Sveitarstjórn sendir ekki umsókn. Samþykkt samhljóða

9. Til umsagnar 40. mál frá nefndasviði Alþingis - 1811052

Sveitarstjórn sendir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða

10. Ferðaþjónusta Málefnaþpur ferðaþjónustu á Vestfjörðum - 1811053

Samþykkt að taka þátt í verkefninu og Bjarnveig Guðbrandsdóttir tilnefnd í hópinn. Samþykkt með þremur atkvæðum, Lilja Magnúsdóttir og Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir sitja hjá.

11. Gjaldskrá Fráveita 2019 - 1811049

Málinu frestað. Samþykkt samhljóða

12. Gjaldskrá Fasteignaskattur 2019 - 1811075

Sveitarstjórn samþykkir að gjaldskrá fasteignagjalda verði óbreytt frá árinu 2018 þó með eftirfarandi breytingum:

Sorphreinsunargjald, íbúðir verði 20.000, var 19.000 á hvert sorpílát, 5,3% hækkun.

Sorpeyðingargjald, íbúðir verði 32.500, var 31.000 á hvert sorpílát, 4,8% hækkun.

Umhverfisgjald, sumarhús, lögbýli, verði 32.500, var 31.000, 4,8% hækkun.

Samþykkt samhljóða

13. Gjaldskrá Útsvarsprósenta 2019 - 1811074

Lagt er til að útsvarsprósenta Tálknafrarhrepps fyrir árið 2019 verði 14,52%. Samþykkt samhljóða.

14. Gjaldskrá 2019 Íþróttamiðstöð - 1811076

Gjaldskrá lögð fram til fyrri umræðu og hún rædd, vísaði til seinni umræðu. Samþykkt samhljóða.

15. Gjaldskrá 2019 leikskóli - 1811077

Ó-listinn leggur fram gjaldskrártillögu með lækkun leikskólagjalda.

Tillaga frá E-listanum

E-listinn gerir breytingartillögu við framlagða tillögu að gjaldskrá leikskóla um að gjaldskrá sú sem er inni á heimasíðu Tálknafjarðarhrepps frá 2013 verði látin gilda áfram.

Björgvin Smári óskar eftir að fá nánari útreikning á áhrifum gjaldskrárbreytinga og að gjaldskráin verði rædd og ákveðin í síðari umræðu um fjárhagsáætlun.

Samþykkt að vísa til seinni umræðu. Samþykkt samhljóða.

16. Fjárhagsáætlun 2019 - 1810062

Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Tálknafjarðarhrepps, rædd og sveitarstjóra falið að ganga frá samþykktinni í samræmi við umræðu á fundinum og vísað til seinni umræðu. Samþykkt samhljóða.

Lagt er fram, til fyrri umræðu, tillaga að fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps 2019, auk 4ra ára áætlun fyrir árin 2019-2022, ásamt tillögu að gjaldskrá.

Oddviti lét bóka: Breytingartillögum við seinni umræðu skal skilað til sveitarstjóra, Strandgötu 38 fyrir kl. 12.00 þriðjudaginn 4. desember nk.

Breytingartillögur verða ræddar á vinnufundi sveitarstjórnar þriðjudaginn 4. desember kl. 18:00

Sveitarstjórn vísar tillögu að fjárhagsáætlun 2019 og 4ra ára áætlun 2019-2022 ásamt gjaldskrá til seinni umræðu sem verður fimmtudaginn 13. desember nk. kl. 18:00 í skrifstofa Tálknafjarðarhrepps, Strandgötu 38
Samþykkt samhljóða.

17. Ósk um endurskoðun á hækkun á leiguverði - 1811022

Sveitarstjórn stendur við fyrri ákvörðun um leiguupphæð. Samþykkt samhljóða.

18. Ósk um endurskoðun á hækkun á leiguverði - 1811021

Sveitarstjórn stendur við fyrri ákvörðun um leiguupphæð. Samþykkt samhljóða.

19. Ný reglugerð um jöfnunarsjóð sveitarfélaga - 1811032

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:00.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir
(IÓÞ)

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Bryndís Sigurðardóttir